

um umhverfismál.

Flm.: Heimir Hannesson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja hið fyrsta heildarlöggjöf um umhverfismál.

#### Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á haustþinginu 1973 og fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

Alkunna er, að hugmyndir manna, bæði um nánasta umhverfi sitt í byggð, svo og um náttúruvernd, hafa breyst mikið, jafnt hér á landi sem erlendis. Er mönnum að verða æ ljósari sú staðreynd, að beita þarf öllum tiltækum ráðum til að forða frá mengun og náttúruspjöllum. Kemur sá skilningur fram nú þegar í íslenskum lögum og þá einkum lögum um náttúruvernd og lögum um olíumengun í sjó, svo og í heilbrigðislöggjöfinni.

Sú þróun er enn fremur hröð, þó að til þessa hafi hennar e. t. v. ekki gætt í jafnríkum mæli hér sem víða í nágrannaríkjum okkar, að ekki þarf síður að hafa öflugar gætur á umhverfisvernd í byggð — hinu næsta umhverfi mannsins mestan hluta ársins, jafnt við heimili og vinnustaði. Því miður hefur þessum málum ekki verið almennt sinnt sem skyldi. Það er skoðun flutningsmanna, að hugtakið fagurt land beri ekki eingöngu að skoða í ljósi hinnar sjálfsögnu varðveislu náttúruverðmæta, heldur líka í varðveislu og sköpun fagurs umhverfis jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Flutningsmenn telja t. d., að of algengt sé, að við byggingarframkvæmdir hér á landi sé ekki nægilega hirt um sjálfsögd umhverfissjónarmið, eins og frágang lóða, málun húsa og almenna snyrtilega umgengni. Eins sé það of algengt, að bæjar- og sveitarfélög láti undir höfuð leggjast að fylgja eftir ákvæðum byggingarsamþykktu um ýmiss konar frágang, er snertir umhverfismál. Með nýrri heildarlöggjöf um umhverfismál þurfi að ýta undir og örva áhuga og viðleitni opinberra aðila og einkaaðila að láta umhverfissjónarmið, sem oft geta verið í formi listrænnar tjáningar, koma fram við hönnun og alla framkvæmd ýmissa verklegra framkvæmda, m. a. í byggingarframkvæmdum. Á þetta sérstaklega við skipulagningu nýrra hverfa, opinberar byggingar, söfn o. fl., auk fjölmargra annarra atriða.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu vilja leggja sérstaka áherslu á nauðsyn þess, að löggjafarvaldið flýti fyrir þessari jákvæðu þróun með lagasetningu, sem sameinaði þá löggjöf, sem þegar er fyrir hendi, og þau sjónarmið, sem hér er lýst. Á þann hátt væri komið til móts við vaxandi áhuga landsmanna á umhverfisvernd í byggð jafnt sem utan byggðar og um leið studd vaxandi viðleitni ýmissa áhugamannafélaga um þessi mál, m. a. náttúruverndarféлага og fegrunarfélaga. Slík lagasetning yrði að stefnumörkun til nátengd þeirri stefnu, er þegar kemur fram í náttúruverndarlögunum, en næði mun lengra. Sjálfsagt er að kanna löggjöf Norðurlandþjóðanna um þessi efni.

Telja flutningsmenn aldrei of oft á það minnt, að landsmenn allir ættu með sameiginlegu átaki að varðveita og fegra þá náttúruverlu, sem Ísland er, og á mörgum sviðum þurfi aðeins lítið átak, til að miklar breytingar verði. Jafnframt verði menn að hafa í huga, að Ísland er fyrst og fremst matvælaframleiðsluland, þar sem sýna verður fullkomið hreinlæti og góða umgengni úti sem inni — jafnt í hinum daglegu störfum í byggð sem í samskiptum við náttúruna. Flutningsmenn telja þó, að árangurs sé ekki að vænta með valdboðum, heldur miklu frekar lagasetningu, er styddi að því, sem að framan er sagt, á margvíslegan hátt í samvinnu hins opinbera aðila við alla þá, sem þessi viðtæku mál skipta, og með þeim reynt að styrkja það almenningssálit og þá umgengnishætti, er fegruðu landið. Hér er áreiðanlega þörf á stóraukinni fræðslustarfsemi í skólum og í fjölmiðlum. Núverandi löggjöf er ekki fullnægjandi sem heildarlöggjöf í þessu sambandi, og ný löggjöf þyrfti að marka hin nýju viðhorf, er rutt hafa sér til rúms á síðustu árum — að lífsgæðin væru ekki síst í því fólgin að njóta ánægjulegra samskipta við umhverfið, hvort sem það er á vinnustað, við heimilin eða í ferðalögum um landið.